

Vorhátíð GERT var haldin nú á dögunum, bæði í Háskólanum í Reykjavík og í Verksmiðjunni, Glerárgötu, Akureyri. Framtíðarumhverfi grunnskólans var yfirskrift fundarins og voru fluttu nokkur erindi auk þess sem GERT verkefni fyrir veturinn 2018/2019 voru kynnt. Það var Jóhanna Vigdís Arnardóttir, verkefnastjóri í menntamálum hjá SI, sem stýrði hátíðinni.

Meðal þeirra sem fluttu erindi í HR voru Yngvi Björnsson, prófessor við tölvunarfræðideild HR, sem talaði um 4. iðnbyltinguna, Auður Sigurðardóttir sagði frá GERT verkefninu í Garðaskóla, Anna María Þorkelsdóttir sagði frá Snillismiðjunni í Hólabrekkuskóla og Snæbjörn Lilliendahl kynnti Microbit verkefnið.

Fullt hús var á Vorhátíð GERT á Akureyri þann 9. maí s.l. Þetta var fyrsta vorhátíðin sem haldin er fyrir norðan í kjölfar þess að 8 nýir skólar bættust í GERT hópin eftir að skrifað var undir samstarfssamning milli Samtaka iðnaðarins og Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar og Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga.

Karl Frímannsson, nýr fræðslustjóri Akureyrarbæjar, var með stutta hugvekju um framtíðarumhverfi grunnskólans og hvatti hann m.a. til þess að við hættum að nálgast umræðu um menntun eingöngu út frá kjaramálum kennara, en skoðuðum þess í stað stóru myndina. „Við erum jarðarbúar, ekki bara Íslendingar eða Bretar“ sagði Karl.

Auður Sigurðardóttir sagði frá GERT verkefninu í Garðaskóla, en hann hefur verið með í verkefninu frá upphafi og verið leiðandi í að prófa nýjar aðferðir í verkefninu.

Hans Rúnar Snorrason frá Hrafnagilsskóla sagði frá nýsköpunarnálgun þeirra í skólastarfinu, en þau leggja áherslu á STEAM í öllu þeirra starfi, sem bæði eykur áhuga nemenda og reynir á marga færniþætti í einu.

Jóhanna Vigdís Arnardóttir, verkefnastjóri GERT, kynnti verkefni næsta vetrar og kallaði eftir verkefnum frá kennurum til að deila á heimasíðu GERT, <http://gert.menntamidja.is/>

Snæbjörn Lilliendahl, verkefnastjóri Kóðans og microbit, sagði frá umfangsmiklu starfi Kóðans og microbit í vetur.

Að lokum nutu fundargestir veitinga og höfðu tækifæri til að ræða saman um grunnskólann og skólamál almennt.

